

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um einkavæðingu Fjölbrautaskólans við Ármúla.

1. *Hvað er gert ráð fyrir að Tækniskólinn greiði fyrir Fjölbrautaskólann við Ármúla og þær eignir sem honum fylgja?*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um sameiningu Fjölbrautaskólans við Ármúla og Tækniskóla Íslands.

2. *Hvert er virði þeirra eigna, í íslenskum krónum, sem gert er ráð fyrir að renni til Tækniskólans frá íslenska ríkinu við sameiningu við Fjölbrautaskólann við Ármúla? Hverjar eru þessar eignir?*

Ef ákvörðun verður tekin um þessa sameiningu yrði væntanlega sama fyrirkomulag viðhaft og gilt hefur við fyrri sameiningar. Það þýðir að þá mundu engar eignir renna inn í Tækniskólann við gerð þjónustusamnings um rekstur Fjölbrautaskólann við Ármúla. Engar eignir vegna þessa yrðu skráðar í efnahagsreikning Tækniskólans enda er ríkið eigandi eignanna og Tækniskólinn yrði einungis rekstraraðili. Tækniskólinn mundi greiða húsaleigu fyrir húsnæði skólans sem er í eigu ríkisins á sama hátt og aðrir framhaldsskólar.

3. *Hver verður eignarhlutur íslenska ríkisins í Tækniskólanum að lokinni sameiningu við Fjölbrautaskólann við Ármúla?*

Enginn, sjá svar við 2. lið.